

ENSK2SL05

Búið til: Mon, 05 May 2014 11:15:52 GMT

Titill

Enska, Lestur, menning og skrif

Skammstöfun

ENSK2SL05

Útgáfunúmer

14

Námsgrein

enska

Viðfangsefni

Lestur, menning og skrif

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn miðar að því að nemendur verði læsir á flóknari texta en áður og að þeir þjálfist í að tileinka sér grunnorðaforða ýmissa fræðigreina. Nemendur skulu getað tjáð hugsun sína varðandi ólík efni í ræðu og riti og beita rökum. Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist sjálfstæð vinnubrögð og tileinki sér árangursríka námstækni þar sem þeir nýta þau hjálpargögn sem aðgengileg eru með forritum, á vef eða í bókum. Nemendur eflast í menningarvitund og kynnist ýmsum þáttum sem snerta menningu enskumælandi landa, sérstaklega Bretlands og Bandaríkjanna, þar sem fjallað verður bæði um venjur og siði sem eru ólíkir því sem gerist á Íslandi. Undirstöðuatriði enskrar málfræði verða styrkt, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið, lesin verða bæði klassísk og ný bókmenntaverk ásamt lestri, hlustun og áhorfi á fjölbreytt fréttatengt efni af neti.

Forkröfur

Áfangi á 1. þrepi eða grunnskólapróf

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu menningarsvæðum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál í samanburði við Ísland og íslenska menningu
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað
- þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar í námi á háskólastigi
- helstu málfræðiatríðum í enskri tungu
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmenntahöfunda og dýpri merkingu texta
- röksemdafærslu eigin skoðana miðað við efni sem farið hefur verið í í tímum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa fjölbreyttar gerðir texta, bæði fræðilega og bókmenntalega
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- greina og skilja málfræðismun á mismunandi málsvæðum, sérstaklega Bretlands og Bandaríkjanna

- tjá sig með skýrum hætti í ræðu eða riti um málefni sem hann hefur kynnt sér
- rita mismunandi gerðir texta, formlega og/eða óformlega
- beita viðeigandi hjálpargögnum við lestur og ritun ýmissa texta

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, hvort sem hann þekkir umræðuefnið eða ekki
- tileinka sér efni/inntak margvíslegra texta og geta hagnýtt sér á mismunandi hátt
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- tjá sig skýrt, lipurlega og blaðalaust fyrir áheyrendum um sérvalið efni sem hann hefur kynnt sér
- skrifa formlegan og óformlegan texta og beita rithefðum sem við eiga í textasmíð
- nýta nýjan orðaforða í ræðu og riti

Námsmat

Í áfanganum er leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd